

Ed.

173. Frumvarp til laga

[148. mál]

um notkun fasteignamats til viðmiðunar eignarskatts á árinu 1983.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 74. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal við álagningu eignarskatts á árinu 1983 miða mat á skattskyldu íbúðarhúsnæði til eignarskatts í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellsahreppi við 92,7% af fasteignamatsverði þessara eigna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt auglýsingu um nýtt fasteignamat er tekur gildi 1. desember 1982 hækkar matsverð fasteigna almennt um 65%. Matsverð íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkar hins vegar um 78%. Þessi hækkun fasteignamats er langt umfram almennar tekjubreytingar milli ára. Því er einsýnt að óbreyttar álagningarheimildir varðandi eignarskatt muni leiða til gjaldtöku sem yrði mun þyngri fyrir gjaldendur á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu ef ekkert er að gert. Frumvarpi þessu er ætlað að koma í veg fyrir þetta.

Um 1. gr.

Lækkun stofns til útreiknings eignarskatts er bundin við þau sveitarfélög og þær tegundir fasteigna sem hækka að fasteignamati umfram hina almennu hækkun. Með því að miða við 92,7% af fasteignamati sem hækkað hefur verið með stuðlinum 1,78% næst samþærilegur álagningargrunnur og vera myndi ef fasteignamat hefði hækkað um 65% að því er þessar eignir varðar. Þar sem talað er um fasteignamat íbúðarhúsnæðis í lögum þessum er einungis átt við mat á mannvirkjum en ekki lóðum. Ákvæðinu er eingöngu ætlað að gilda um mat á fasteignum til viðmiðunar eignarskatts en ekki varðandi önnur atriði í lögum nr. 75/1981 þar sem fasteignamat skiptir máli um skattlagningu.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.